

Umsögn um Kátt á Klambra

frá

Menningar- og ferðamálasviði og íþrótt- og tómstundasviði

Reykjavík 8. september 2018

Á fundi menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs, hinn 20. ágúst 2018, var lagt fram erindi, sent borgarráði 27. júní 2018 þar sem Jóna Elísabet Ottesen, stofnandi barnahátíðarinnar Kátt á Klambra óskar eftir styrk og stuðningi borgarinnar við hátíðina. Samþykkt var á fundi ráðsins að fela sviðsstjórum menningar- og ferðamálasviðs og íþrótt- og tómstundasviðs að skrifa umsögn um styrkbeiðnina.

Sviðsstjórar kölluðu í framhaldinu eftir frekari gögnum frá forsvarsmönnum Kátt á klambra, svo sem yfirliti yfir hátíðina og fjárhagsyfirliti, en hátíðin var haldin 29. júlí 2018 í þriðja sinn. Fram kemur í greinargerð frá Jónu Elísabetu Ottesen að um 4.000 gestir hafi mætt á hátíðina í ár. Til samanburðar mættu um 1.500 gestir fyrsta árið sem hátíðin var haldin. Markmiðið með hátíðinni sé að bjóða börnum og fullorðnum upp á skemmtun og fróðleik á grænu svæði í Reykjavík með fjölbreyttum menningar- og listaviðburðum.

Í upphaflegu erindi til borgarráðs kemur fram að hátíðin hafi fengið viljrði fyrir styrk upp á 1 milljón króna frá Miðborgarsjóði í ár að því gefnu að ekki yrði selt inn á svæðið. Kostnaðaráætlun hátíðarinnar hafi hins vegar hljóðað upp á 8 milljónir króna og þar sem styrkurinn væri lægri en sú upphæð sem áætluð væri af miðasölu hefði hátíðin afþakkað hann. Fram kemur í gögnum frá hátíðinni að einn miði á svæðið hafi kostað 1.500 kr. í försölu en 1.800 kr. ef keypt væri við inngang. Einnig hefði verið hægt að kaupa fjölskyldupakka eða fjóra miða á 5.000 kr.

Samkvæmt fjárhagsyfirliti frá hátíðinni námu heildartekjur hátíðarinnar af miðasölu samtals 3,6 mkr. Hverfissjóður Hlíða hefði styrkt hátíðina um 187 þúsund kr. en aðrir styrkir hefðu numið samtals rúmum 8 mkr. Kostnaður við hátíðina nam rétt tæpum 8,4 mkr. og þar af fóru tæpar 1,6 mkr. í greiðslur til listamanna en annar kostnaður fór í að greiða fyrir uppsetningu á svæðinu, skipulagsvinnu og markaðsefni. Samkvæmt yfirliti frá hátíðinni er kostnaður umfram tekjur um 103 þúsund kr.

Undirritaðir sviðsstjórar benda á að hátíðin hafi hlotið styrki frá ýmsum sjóðum borgarinnar öll þau skipti sem hún hafi farið fram en með því hafi borgin lagt sitt lóð á vogarskálarnar til að ýta þessu metnaðarfulla framtaki úr vör. Þá sé mikill vilji til þess hjá sviðunum að funda með aðstandendum hátíðarinnar til að finna samstarfsfleti og leiðir til stuðnings vegna næstu hátíðar, meðal annars með það að leiðarljósi að draga úr kostnaði vegna uppsetningar og skipulagsvinnu en mestur hluti kostnaðar virðist fara í þá þætti.

Ekki er þó mælt með því að hátíðin hljóti frekari fjárhagsstuðning á þessu ári, í ljósi þess að hún hefur að mestu verið fjármögnuð, samkvæmt fjárhagsyfirliti en hátíðarhaldarar hvattir til að senda inn umsókn um styrk úr borgarsjóði vegna næsta árs, þar sem einnig er hægt að óska eftir samstarfssamningi til lengri tíma. Umsóknarfrestur er til hádegis 1. október nk. og má sækja um í gegnum vef Reykjavíkurborgar, reykjavik.is/styrkir.

Virðingarfyllt,

Arna Schram og Ómar Einarsson

Sviðsstjórar menningar – og ferðamálasviðs og íþrótt- og tómstundasviðs.